

12. október 2023

## Umsögn kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands um þingsályktun um skipan starfshóps um umönnun og geymslu líka. Þingskjal 122 – 122. mál

Kirkjugarðaráð og Kirkjugarðasamband Íslands telja mikilvægt að taka líkhúsmál landsins til endurskoðunar, þar sem ekki er neinn aðili ábyrgur fyrir rekstri líkhúsa lögum samkvæmt.

Tvö stæðstu líkhús landsins eru rekin af kirkjugörðum. Annars vegar af Kirkjugörðum Akureyrar (KGA) og hins vegar Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma (KGRP) sem hafa rekið líkhús í Fossvogi í nokkra áratugi. Reksturinn hefur verið nær óbreyttur í um 23 ár og þar með fjöldi þeirra líka sem komast fyrir í líkhúsinu. Það gefur auga leið að andlátum á sama tímabili hefur fjölgað mikið. Í dag komast nær 100 lík fyrir í líkhúsinu en þá er meðtalin kjallari sem er aðeins notaður í neyð en um 17 lík komast þar fyrir. Hjá KGA er rými fyrir 24 lík og er það eina fullbúna líkhúsið á norðurlandi. Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni eru litlar líkgeymslur sem eru yfirleitt í tengslum við heilbrigðisstofnanir en þar rúmast aðeins örfá lík.

Andlát samkvæmt þjóðskrá á árinu 2022 voru 2.752 og þar af létust 81 búsettur í útlöndum. Af þessum fjölda fóru 1.851 í gegnum líkhús KGRP eða um 70% af þeim sem létust. Árið 2000 voru andlát 1.828. Líklega hafa um 70% af þeim farið í gegnum líkhús KGRP og þá hefur fjöldinn verið um 1.280 sem fór þar í gegn. Fjölgun þeirra líka sem fara í gegnum líkhús KGRP er því um 600 eða hátt í 50% á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að fjöldi andláta tvöfaldist á næstu 20 til 25 árum vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar.


Líkhúsið í Fossvogi er komið vel til ára sinna og aðstaðan þarfnast endurbóta. Vagnar eru gamlir og skápa og vinnuástöðu þarf að nútímavæða. Einnig þarf að endurnýja kælikerfi og stækka líkhúsið. Ljóst er að líkhúsmálin þola enga bið og við því þarf að bregðast.

Það er ekki lögboðið hlutverk kirkjugarða að reka líkhús enda gera það aðeins örfáir kirkjugarðar. Samkvæmt tekjulíkani, sem lagt er til grundvallar útdelingu tekna til kirkjugarða, er ekki gert ráð fyrir að kirkjugarðar hafi tekjur af rekstri líkhúsa.


Á höfuðborgarsvæðinu eru tvær útfararstofur með líkhús, sem hvort um sig rúmar um 19 lík. Á Landspítalanum við Hringbraut er rými fyrir svipaðan fjölda og einnig hægt að geyma nokkur lík á Borgarspítalanum og Landakoti. Á hjúkrunarheimilinu Grund komast fyrir fimm lík. Ekki er kunnugt um fleiri líkgeymslur á höfuðborgarsvæðinu. Það virðist vera að hvorki sé gert ráð fyrir að kirkjugarðar né heilbrigðiskerfið reki líkhús og stjórnvöld veita ekki fjármagni sérstaklega til þessa málaflokks.

Reynt var að innheimta sérstakt líkhúsgjald á árunum fyrir bankahrún. Sú ráðstöfun var kærð til Umboðsmanns Alþingis sem úrskurðaði að kirkjugörðum væri það ekki heimilt en jafnframt var skorað á ráðuneytið að setja skýrar reglur varðandi líkhúsmál.

Kirkjugarðaráð og Kirkjugarðasamband Íslands fagnar því að þessi málaflokkur verði tekin til skoðunar, og lýsa sig reiðbúna til að vinna með stjórnvöldum til að koma þessum málum í betri farveg.

  
F.h. Kirkjugarðaráðs  
Ragnhildur Benediktsdóttir formaður

Virðingarfyllst

  
F.h. Kirkjugarðasambands Íslands  
Smári Sigurðsson formaður